

## AUGLÝSING

### um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfe´ sjóðs eða stofnunar árið 1992 vera 420 000,00 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. janúar 1992.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanneý Óskarsdóttir.*

Nr. 16

16. janúar 1992

## GJALDSKRÁ

### fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

1. gr.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 3. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og 3 gr., 6. tl. og viðauka 7 og 9 í mengunarnavarnareglugerð nr. 389/1990 svo sem hér greinir:

- 1. flokkur kr. 10 000.
- 2. flokkur kr. 20 000.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. mars og eindagi 1. maí.

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefnda, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 og 5. tl. 8. gr. mengunarnavarnareglugerðar nr. 389/1990 er heimilt að innheimta leyfingjald svo sem hér greinir:

- 1. flokkur kr. 1 000.
- 2. flokkur kr. 2 000.

3. gr.

Fyrirtæki sem talin eru upp í viðauka 7 og 9 í mengunarnavarnareglugerð flokkast eftir umfangi og mengun í 1. eða 2. flokk. Þar sem um er að ræða mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi hluta úr ári er heimilt að innheimta hluta af gjaldi 1. flokks samkvæmt nánari ákvörðun svæðisnefndar.

4. gr.

Gjöld skv. 1. gr. má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Vestfjarðasvæði, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og gildir frá og með 1. janúar 1992.